

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Miðflokksins um dagskrárvald í borgarráði

Á fundi borgarráðs 31. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins.

Óskað er eftir skriflegu svari frá formanni borgarráðs hvert kjörinn fulltrúi getur snúið sér þegar dagskrárvaldið er tekið af honum. Ítrekað hefur það gerst að ekki hafa mál komist á dagskrá borgarráðs þrátt fyrir beiðnir þar um þrátt fyrir að það sé skýrt í samþykktum borgarinnar að borgarfulltrúum sé heimilt að leggja fram mál.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að það er formaður borgarráðs sem undirbýr borgarráðsfundi í samráði við borgarstjóra. Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs. Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Í samþykktinni er einnig fjallað um verkefni borgarráðs en það fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur umsjón með stjórnsýslu borgarinnar og undirbúningi fjárhagsáætlana, fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun borgarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja og leggur það fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Borgarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra mála samkvæmt fjárhagsáætlun. Þá sér borgarráð um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Fulltrúar í borgarráði geta lagt fram tillögur og fyrirspurnir auk þess sem þeir geta óskað eftir kynningum eða umfjöllun um einstaka málefni sem heyrir undir ráðið. Með vísan til

ofangreindra ákvæða í samþykktinni er það ljóst að það er skýrt hlutverk formanns borgarráðs að undirbúa fundi fundi ráðsins þ.m.t. hvenær einstaka mál fara á dagskrá, m.a. með tilliti til málafjölda, lengda funda og ekki síst þess undirbúnings sem fram þarf að fara áður en unnt er að taka bindandi ákvörðun á vettvangi þess. Það er formanns borgarráðs að ákveða hvort afla þarf gagna áður en mál fer á dagskrá, hvort það þurfi sérstaka kynningu og þá frá hverjum o.s.frv.

Ef fulltrúi í borgarráði er ósáttur við undirbúning og/ dagskrá ráðsins þá hefur hann þau réttindi sem honum eru tryggð með ákvæðum sveitarstjórnarlaga og í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þ.e. bæði málfrelsi og tillögurétt. Hann á einnig rétt á því að leggja fram bókun um málið. Fulltrúi í borgarráði getur einnig óskað eftir formlegum úrskurði formanns borgarráðs og að hann verði borinn undir borgarráð. Einnig getur borgarfulltrúi tekið hvaða mál sem er til umræðu á vettvangi borgarstjórnar sem er opin málstofa allra borgarfulltrúa.

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð eftir því sem lög ákveða en málefni sveitarfélaga heyra stjórnarfarslega undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem standa skal vörð um hagsmuni sveitarfélaga, sjálfstjórn þeirra, verkefni og fjárhag. Ráðherra hefur eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum í samræmi við lög og önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Þá er heimilt að kæra til ráðherra stjórnvaldsákvæðanir sveitarfélaga að svo miklu leyti sem það úrskurðarvald hefur ekki verið falið öðrum að lögum. Ef borgarfulltrúi telur að málefni heyri undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála að einhverju leyti má benda honum á að leita liðsinnis þess.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður borgarráðs